



50. Stúdentaráðsfundur

Fundur Stúdentaráðs

4. september 2017

Fundaritari: Sólveig María Árnadóttir

Fundur settur: 16:18

Mættir: Ketill Sigurður Jónsson, Thelma Rut Káradóttir, Sólveig María Árnadóttir, Hörður Ingi Kristjánsson, Lís Margrét Rúnarsdóttir, Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir, Heiða Björg Guðjónsdóttir, Páll Hólm Sigurðarson, Andrés Tryggvi Jakobsson, Pétur Már Jónsson, Kristín Gerðalíð, Bergdís Sigfúsdóttir, Eydís Rún Jónsdóttir.

Fjarverandi: Berglind Hannesdóttir.

Dagskrá 50. Fundar stúdentaráðs

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Deildar- og deildarráðsfundir.
3. Fjárhagsáætlun.
4. Stúdentaráðsmyndataka, 20. september klukkan 16:10.
5. Afmæli skólans, 5. september.
6. Sprellmót, 22. september.
7. Fulltrúar í nefndir og ráð.
8. Vefsíðan.
9. Ölgerðin.



10. Auglýsingar fyrir viðburði.

11. Stóra Vísó, 1. - 4. febrúar 2018.

12. Skráningar í aðildarfélög.

13. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Hún telst samþykkt.

2. Deildar- og deildarráðsfundir.

Kvartanir hafa borist til framkvæmdastjórnar frá deildarformönnum þess eðlis að nemendur hafi ekki mætt nægilega vel á deildar- og deildarráðsfundi. Það er mjög slæmt, sérstaklega þegar horft er á þá staðreynd að fyrir nokkrum árum síðan áttu nemendur ekki sæti á þessum fundum. Formenn aðildarfélaga eiga sæti á þessum fundum og hafa kosningarétt, það er mikilvægt að nýta það þar sem að þessir aðilar eru talsmenn nemenda sinna deilda.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvað felst í því að sitja í stúdentaráði.

Það gengur fyrst og fremst út á það að sinna hagsmunamálum nemenda skólans og skiptir það mun meira máli heldur en að halda gott party.

Framkvæmdastjórn telur afar mikilvægt að hvetja alla til þátttöku á þeim fundum sem þeir eiga setu á, það sé stór þáttur af þeirra hlutverki í stúdentaráði og því beri að sinna vel.

3. Fjárhagsáætlun.

Thelma Rut, fjármálastjóri fer yfir fjárhagsáætlun fyrir starfsárið.

Fjárhagsáætlunin var borin til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

Hörður Ingi, formaður Data kemur fram með athugasemd undir þessum lið og bendir á að Data hafi ekki fengið neitt fé þegar félagið var stofnað, fyrir rúmu ári síðan. Framkvæmdastjórn hélt að svo væri ekki og ætlar að kanna hvernig



hafi verið staðið að stofnun félagsins ásamt því að skoða ákvæði í lögum FSHA varðandi stofnun aðildarfélaga. Stúdentaráð verði upplýst um niðurstöðu þegar hún berst.

Spurt er hvaðan peningar FSHA komi. Ketill útskýrir að félagið fái greiðslu frá skólanum, sem er ákveðið hlutfall af skráningargjöldum nemenda en það hlutfall hefur þó verið breytilegt á milli ára. Auk þess fái félagið auglýsingastyrki frá fyrirtækjum.

Ketill fer yfir breytingar á þóknun sem samþykktar voru á síðasta fundi, sjá fundargerð 49. stúdentaráðsfundar. Ketill leggur fram breytingatillögu á þessum lið, fyrir hönd framkvæmdastjórnar. Lagt er til að formenn aðildarfélaga fái ekki greiddar fastar upphæðir fyrir setu sína í stúdentaráði heldur fái þeir greitt fyrir fundarsetu, 3000 kr. fyrir hverja fundarsetu í stúdentaráði, 1.000 kr. fyrir hverja fundarsetu á deildarfundum og 1.000 kr. fyrir hverja setu á deildarráðsfundum. Þannig fá þeir sem sitja þessa fundi, greitt fyrir sína vinnu. Auk þess hefur aldrei áður verið greitt fyrir setu á deildar- og deildarráðsfundum og telur framkvæmdastjórn að sú breyting muni hvetja til virkni á þeim fundum. Einnig telur framkvæmdastjórn þennan lið vera mikilvægan til þess að varamenn fái greitt þegar þeir þurfa að sitja á fundum, fyrir hönd sinna formanna. Framkvæmdastjórn telur að með þessu fyrirkomulagi sé verið að horfa á sanngjarnara skipulag og meiri hvetjandi aðstæður til þess að sinna störfum sínum.

Breytingartillagan var lögð fram og var hún samþykkt einróma.

4. Stúdentaráðsmyndataka, 20. september.

Auðunn Níelsson kemur og myndar stúdentaráð 20. september klukkan 16:10. Ketill tekur fram að þetta sé í þriðja skiptið sem að Auðunn er pantaður til þess að taka mynd en alltaf hafi verið forföll, þessari dagsetningu verður því ekki breytt og mæta þeir sem geta.



5. Afmæli skólans, 5. september.

Nemendur hafa skipulagt afmæli skólans s.l. mánuði. Það hefur gengið mis vel og hafa miklar breytingar átt sér stað varðandi dagskrána. Nemendum finnst að miklu leyti eins og þeir séu knúnir til þess að halda utan um einhverja dagskrá, hannaða fyrir starfsmenn. Sólveig María, sem er formaður afmælisnefndar nemenda fer yfir dagskrá morgundagsins og hvetur formenn aðildarfélaga til þess að hvetja alla nemendur til þátttöku. Viðburðurinn verði skemmtilegur, sérstaklega af að vel verði mætt.

Sólveig tekur fram að rektor hafi gefið frí frá kennslu milli klukkan 10:45 og 14:30 á meðan dagskrá stendur yfir. Um kvöldið, klukkan 18:00 ætla nemendur að hittast aftur í hátíðarsalnum þar sem boðið verður upp á léttar veitingar, fljótandi veigar og skemmtun í tilefni af 30 ára afmælinu.

6. Sprellmót, 22. september.

Upphaflega átti Sprellmótið að vera 29. september en var því flýtt um viku. Ástæða þess er sú að skólinn hafði þegar gert ráð fyrir Sprellmótinu 22. september, með kennsluhlé frá klukkan 11:40. Framkvæmdastjórn fannst augljóst í stöðunni að auðveldara væri fyrir FSHA að breyta dagsetningunni, heldur en fyrir skólann að hliðra til kennsluhlé. Auk þess sem nemendur eru í lotu í auðlindadeild 29. september, fram á kvöld.

Lísa nefnir að það sé lota í heilbrigðisvísindasviði þann 22. september og Sólveig bendir Lísu á að ræða við Eydísi, forseta heilbrigðisvísindasviðs og benda henni á að það sé gert ráð fyrir kennsluhléi þann dag og hvort að það standist ekki örugglega.

7. Fulltrúar í nefndir og ráð.

Framkvæmdastjórn tekur fram að það vanti fulltrúa frá Daga, Magister og Þemis í Félags- og menningarlífsnefnd og að það sé mikilvægt að fullmanna þá nefnd sem fyrst, þar sem að Sprellmótið nálgist hratt. Þá vantar Kumpána einnig fulltrúa í Alþjóðanefnd. Aðildarfélögin eru einnig hvött til þess að kjósa nýnemafulltrúa við fyrsta tækifæri og skulu upplýsingar um þá fulltrúa sendast



á varaformann.

8. Vefsíðan.

Sólveig, varaformaður og vefstjóri FSHA bendir á að það sé löngu kominn tími til að uppfæra vefsíðuna. Aðildarfélögin eru hvött til þess að skoða sínar síður afar vel, hér þarf sérstaklega að horfa á texta sem skrifaðir eru um félagið, upplýsingar um stjórnir, auglýsingar o.s.frv. auk þess þurfa öll aðildarfélög að lesa fyrir lög félaga sinna og kanna hvort að það vanti uppfærslu á þeim á vefinn. Uppfærslur og tilkynningar frá **öllum** aðildarfélögum skulu berast fyrir 1. október næstkomandi.

9. Ölgerðin.

Ketill, formaður segir frá því að FSHA sé búið að gera samning við Ölgerðina fyrir starfsárið 2017-2018. Samningurinn gerir það að verkum að aðildarfélögum er óheimilt að auglýsa önnur fyrirtæki í sambærilegri starfsemi. Aðildarfélögum er þó ekki bannað að versla við önnur fyrirtæki en þau megi ekki auglýsa. Ketill segir frá tilboðum sem falla undir þennan samning og tekur fram að aðildarfélögum bjóðist að nýta sér þau kjör, sé áhugi fyrir því. Mikilvægt sé þó að ræða við framkvæmdastjórn ef aðildarfélag ætli að nýta sér slíkt tilboð.

10. Hvernig auglýsum við viðburði?

Framkvæmdastjórn nefnir hversu mikilvægt sé að huga að því hvernig viðburðir á vegum FSHA og aðildarfélaga séu auglýstir. Sérstaklega þarf að gæta að því hvernig viðburðir eru auglýstir sem haldnir eru innan veggja skólans en í auglýsingum skal aldrei koma fram orðið „bjór“ eða „áfengi“. Þetta hefur til dæmis verið passað uppá þegar FSHA heldur sameiginlega viðburði á Pósthús barnum en sem dæmi er frekar talað um „gylltar veigar“ eða „léttar veigar“. Thelma og Sólveig minna á að þetta sér sérstaklega mikilvægt vegna þess að innan skólans eru nemendur sem eru undir aldri.



11. Stóra Vísó, 1. - 4. febrúar 2018.

Stóra Vísindaferðin verður haldin 1. til 4. febrúar 2018. Þegar er búið að panta gistingu á Hotel Cabin og hefur ein sameiginleg vísindaferð verið bókuð í Ölgerðina á laugardeginum klukkan 15:00. Framkvæmdastjórn hefur ákveðið að afhenda stjórnnum aðildarfélaganna skjal með sameiginlegum vísindaferðum fyrir 18. september nk. Þannig geta aðildarfélögin undirbúið vísindaferðir sinna félaga í kringum sameiginlegar ferðir. Stefnt er að því að opna áhuga skráningu í prófatíð. Ketill nefnir einnig að sérstaklega eigi að gæta þess að betur verði staðið að gerð skipulagningu rútuferða en síðustu ár hafa rútuferðirnar ekki verið nægilega vel skipulagðar og hafa einstaklingar innan aðildarfélaganna til dæmis lent í því að þurfa að taka leigubíl í sínar ferðir og það er ekki boðlegt.

12. Skráningar í aðildarfélög.

Framkvæmdastjórn hvetur formenn aðildarfélaganna til þess að minna nemendur á að skrá sig í aðildarfélög. Ketill minnir einnig á að þetta sé mikilvægt og skipti máli upp á hversu mikinn pening félagið fær.

13. Önnur mál.

A) Heiða Björg Guðjónsdóttir, formaður Magister spyr hver staðan er á mötuneytinu. Ketill er búinn að fara á tvo fundi, með nýjum framkvæmdastjórnara Kaffi Hóls. Ketill segir nýja eigendur vera með mikinn vilja til þess að breyta og bæta mötuneytinu, öllum í hag. Næsta skref er að senda út spurningalista til nemenda og starfsfólks, kanna hvað það er sem fólk vill. Hugmynd hefur komið upp að hafa svipað kerfi eins og er í grunnskólum, þar sem þú getur skráð þig í mat og borgað þá minna fyrir slíkt heldur en fyrir staka máltíð. Þá yrði minna úrval í mötuneytinu o.s.frv. Heiði nefnir að kaffikort sem hún keypti hafi runnið út í júní og Ketill segir að taka eigi fyrir allt slíkt,



bæði varðandi kaffikort og matarkort, að þau eigi að gilda áfram þegar nemendur koma úr sumarfríi.

Ketill segir einnig frá verðkönnun sem gerð var í vor á milli mótuneyta í HA, HÍ og HR og nefnir hversu illa HA kom út úr þeirri könnun. Eydís, fyrir hönd Fél&Menn nefnir að það væri kannski sniðug hugmynd að þeir sem komi með eigin kaffimál, borgi minna fyrir kaffið. Það er vel tekið í það, enda sé það einnig umhverfisvænna.

Í sambandi við mótuneytið segir Ketill einnig frá hugmynd sem hann og Gunnar Gunnarsson hafa rætt sín á milli varðandi uppfærslu og breytingu á eldhúskrókinn sem er á vegum FSHA.

B) Andrés spyr hvort að hægt sé að berjast fyrir lengri opnunartíma í hreyfisalnum. Hann nefnir að að FSHA hafi gefið skólanum tækin sem eru inni í salnum og því væri eðlilegt að meðlimir félagsins fengju gott afnot af salnum, salurinn sé einnig í þeirri byggingu sem er opin allan sólarhringinn. Ketill segist ætla að skoða opnunartímamann og það verði farið í að kanna þetta.

Eydís spyr hvernig staðið sé að þessu í HÍ, hún heldur að nemendur borgi einhverja ákveðna upphæð á ári fyrir afnot á salnum og að þeir nemendur geti verið hvenær sem er í salnum, sá peningur gæti þá t.d. farið í tækjakaup.

C) Lísu nefnir að hún hafi sótt um ferðastyrk. Framkvæmdastjórn hefur borist tölvupóstur frá Lísu og segist ætla að skoða málið og sennilega verður gerð rafræn kosning, þar sem að stúdentaráð þarf að kjósa um styrkinn.



Fundi slitið kl. 17:50

Undirskrift fundargesta

Ketill Sigurður Jóelsson
Formaður FSHA

Sólveig María Árnadóttir
Varaformaður FSHA

Thelma Rut Káradóttir
Fjármálastjóri FSHA

Hörður Ingi Kristjánsson
Formaður Data

Lísa Margrét Rúnarsdóttir
Formaður Eirar

Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir
Formaður Kumpána

Heiða Björg Guðjónsdóttir
Formaður Magister

Páll Hólm Sigurðarson
Formaður Reka

Andrés Tryggvi Jakobsson
Forseti Stafnbúa

Pétur Már Jónsson
Formaður Þemis

Kristín Gerðalíð
Formaður Alþjóðanefndar

Berglind Hannesdóttir
Formaður Félags- og menningarlífsnefndar

Bergdís Sigfúsdóttir
Formaður kynningarnefndar

